

PÉTUR GUNNARSSON

RITPING

13. NÓVEMBER 2010



PÉTUR GUNNARSSON

RITÞING / 13. NÓVEMBER 2010



GERÐUBERG
Menningarmiðstöð

Pétur Gunnarsson

Þann 13. nóvember 2010 sat Pétur Gunnarsson fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs. Stjórnandi þingsins var Torfi H. Tulinius. Í hlutverki spyrja voru þau Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur og Kristján Kristjánsson, bókmenntafræðingur og fjölmiðlamaður.

Úr því dýrðarinnar ríki

Torfi:

Góðir gestir, verið velkomin á Ritþing um Pétur Gunnarsson sem haldið er hér í Gerðubergi þennan laugardag 13. nóvember 2010.

Frá því fyrsta ljóðabók Péturs, *Splunkunýr dagur*, kom út árið 1973, fyrir 37 árum, hefur hann gefið út bók eftir bók með reglulegu millibili. Skáldsögurnar eru orðnar tíu, ritgerðasöfnin þrjú, ljóðabækurnar tvær, auk bóka með stuttum prósatextum, leikrita og þýðinga, bæði fyrir leiksvið og til útgáfu. Svo má ekki gleyma ritgerðarsöfnunum en hið þriðja í þeirri röð er *Péturspostilla* sem kom í bókabúðirnar í gær. Þetta er viðamikilið og jafnframt veigamikilið höfundarverk og til að ræða það við Pétur og gefa okkur öllum kost á að kynnast honum og þessu höfundaverki betur, eru hér með mér Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur, Kristján Kristjánsson, bókmenntafræðingur og fjölmiðlamaður, og svo auðvitað Pétur sjálfur. Verið velkomin, öll þrjú.

Pétur hefur komið víða við og um skeið, snemma á ferli sínum, fékkst hann einnig við textagerð fyrir sönglög. Eftir um það bil klukkustund

munum við gera um 20 mínútna hlé á dagskránni og strax að því loknu mun Valgeir Guðjónsson tónlistarmaður segja okkur frá samstarfi þeirra og flytja nokkur lög sem eru afrakstur þess. Sjálfur heiti ég Torfi Tulinius og mun stýra þessum viðburði hérna í dag.

Þeir, sem komnir voru til vits og ára þegar Pétur steig fram sem höfundur, muna vel hvernig það var að fá fyrstu skáldsögu hans í hendur. Þarna opnuðust dyr inn í sérstakan heim hans en einnig heim okkar, heim þeirrar æsku sem fæddist fyrstu árin og áratugina eftir seinni heimsstyrjöld. Sá heimur hafði aldrei ratað inn í skáldsögu áður og Pétur hafði því gefið nýrri kynslóð rödd í bókmenntunum. Við skulum byrja þessa vegferð í dag á því að kynnast betur veröld hans. Pétur hefur valið myndir úr lífi sínu og þær munu líða hér yfir skjáinn á meðan við ræðum saman. Pétur, geturðu sagt okkur dálítið frá þessum myndum og leitt okkur um leið inn í heim þinn?

Pétur:

Já, ég valdi þarna 52 myndir, eins og spilin, og ég byrjaði á myndum af fjölskyldunni. Ég bregð þarna upp myndum af móðuröfum mínum, móðurömmu og systkinum mömmu sömuleiðis vegna þess að þetta var ákaflega mikilvægt fólk í mínum heimi. Við bjuggum öll í sama húsi sem afi minn reisti á Öldugötunni í Vesturbænum. Þær systur giftust og eignuðust fjöldann allan af börnum þannig að mitt æskuheimili var mjög mannmargt og ég tengdist því mjög sterkt. Afi og amma komu bæði úr Árnessýslunni og fluttu til Reykjavíkur um 1911 eins og svo margir Íslendingar á þessum tíma. Þau komu til Reykjavíkur þegar Reykjavík var að verða þessi segull sem gat tekið við fólki. Næsta kynslóð á undan, langafi minn til dæmis, flutti til Ameríku. Þá var ekki um annað að ræða fyrir Íslendinga en að verða annað hvort vinnufólk eða flytja til Ameríku. Svo kom Reykjavík inn í myndina svona upp úr 1906 þegar togaraútgærð byrjaði. Um 1911 var sem sagt kominn grundvöllur til þess að byggja þessa borg. Og reyndar gildi þetta líka um föðurfólk mitt, það var úr Árnessýslunni og Gullbringusýslunni og kom líka til bæjarins um líkt leyti.

Síðan koma fleiri myndir af því sem mér finnst hafa mótað mig. Skólinn og skólasystkinin. Ég átti því láni að fagna að vera í sama bekk alla skólagönguna þannig að við, þessir krakkar, vorum eins og systkini.

Þarna eru myndir af bekknum. Mér finnst gaman að bregða þarna upp mynd af mér þar sem ég geysist fram á ritvöllinn, 11 ára gamall, í *Ljósberanum*, með ritgerð um bæinn minn, Reykjavík. Það kom nú til af því að kennarinn minn, Dagný Albertsson, hún var mikil KFUK kona og örugglega í ritnefnd *Ljósberans* þannig að hún átti það til að gauka ritgerðum okkar krakkanna inn í þetta merkilega blað. Hún var ákaflega hvetjandi og lagði mikla áherslu á ritgerðir. Þannig að ég lít svo á að þar hafi ég fengið mitt fyrsta uppeldi sem rithöfundur, innan gæsalappa.

Torfi:

Viðfangsefnið gaf kannski vísbendingu um hvað koma skyldi?

Pétur:

Já, Reykjavík hefur náttúrlega verið mér hugleikin æ síðan. Svo rúlla myndirnar áfram, mín fjölskylda og minn ferill þar sem Frakkland skipar mjög stóran sess. Við Hrafnhildur fórum í nám til Suður-Frakklands. Það var náttúrlega mikið ævintýri og stendur eiginlega ennþá því seinna fór Hrafnhildur í sitt doktorsnám og þá fórum við aftur til Provence með strákana okkar. Þetta hefur orðið okkar annað heimaland þannig að ég setti inn nokkrar myndir úr því dýrðarinnar ríki.

Torfi:

Frakklandinu góða! En eins og margir aðrir íslenskir höfundar, þá hefur þú feril þinn á að gefa út ljóðabók. Pétur mun lesa upp hér úr verkum sínum og við höfum orðið sammála um að hann byrji á að lesa úr *Splunkunýjum degi*.

Pétur:

Já, þetta eru ljóð sem ég var að yrkja fyrst eftir að ég kom til Frakklands, 1968. Þegar ég kom heim um sumarið 1969 var ég með handrit að ljóðabók sem ég kallaði, að mig minnir, „Undan miðjum himni“, frekar en „Undan bláum himni“. Ég bauð þetta til útgáfu en það tókst nú ekki á þessum stutta tíma sem ég dvaldi hérna um sumarið þannig að ég hélt áfram með þetta handrit, hélt áfram að yrkja við það og að lokum kom bókin út hjá Máli og menningu sumarið 1973.

Ég ætla að lesa blábyrjunina sem er einmitt frá 1969:

eitt

af jarðarinnar hálfu
byrja allir dagar fallega
þolinmóð snýst hún og snýst
með trén og höfin og vötnin
eyðimerkurnar og eldfjöllin
okkur tvö og ykkur hin
og öll dýrin

tvö

það er ekkert sem heitir
mánudagur
sunnudagur
föstudagur
eða hvernig nú röðin er
það er alltaf sami dagurinn

sólin kemur upp
rauð einsog appelsína
breytist smátt og smátt í sítrónu
kastar geisla yfir sofandi jörð
sofandi þorp
sofandi borgir
á sofandi fólk

það er alltaf sami dagur
sama sól
sami himinn
sama jörð

fjögur

hugsaðu þér
ef engin gvuð eru til
og þú átt hvergi líf inná reikningi
bara þetta líf

*sem þú heldur á í höndunum
þessa einu fullu lúku
hugsaðu þér*

*jörðin
tunglið
sólin
og þú stendur með eina lúku
fulla af lífi*

Síðan stekk ég aftur í næstsíðasta ljóðið sem er frá svona 1971 og þar er kominn svolítið annar tónn í bókina. Upphafið er mikið Provence, þessi sami dagur, dag eftir dag, þessi stöðugleiki í umhverfinu og náttúrunni og veðráttunni. Eftir því sem líður á bókina þá fer þjóðfélagið að koma meira inn í og næstsíðasta ljóðið er svona nokkurs konar stefnuskrárljóð:

*DRAUMURINN VAR UM MIG OG ÞIG
OG MEÐVITAÐ MARKMIÐ
OG MARKMIÐIÐ UMLUKTI OKKUR
OG VIÐ VORUM MARKMIÐIÐ*

*enginn þurfti að falska á sér líkamann
orð manna tær einsog lækur
hjörtun stóðu nær
allir voru niðursokknir í verkefni allra
meiraðsegja útvarpið og sjónvarpið smituðust af hlátri
og djúpri alvöru
blöðin fjölluðu um hluti sem skipta máli
og enginn hafði lengur áhuga á frægu fólki
verkefnin hrópuðu á úrlausn
og úrlausnin hrópaði útúr samlífinu*

*dúkkuhúsaskipting kynjanna var horfin
og engin lausaleiksbörn
því heimurinn var kommúna*

engin hvöt var lengur röng
engin rétt

því maðurinn var heild
og viðfangsefni sem slíkur
engin lengur trú
þótt viðhorfin til lífsins væru mörg
sumar kirkjur var hægt að nota sem leikfimi
og aðrar dugðu undir fallhlífarstökk

eldsnemma á morgnana spratt fólk á fætur
og rann hlæjandi samanvið verkefni
það ætlaði aldrei að fást í háttinn á kvöldin
heimurinn var skóli
og börnin kenndu fullorðnum nýjustærðfræðina
þarsem 8 + 6 er 2 eftir hádegi
vandamálin héldu áfram að vera til
en viðhorfin til þeirra höfðu breytt

í skólanum máttu börnin mála á veggina
og láta einsog vitleysingar
kennararnir viðurkenndu vanmátt sinn gagnvart bernskunni
og reyndu ekki að þvinga uppá hana ellinni
heldur sögðu við sjálfa sig:
við ætlum að miðla því sem við kunnum
og hringja á slökkuliðið ef kviknar í skólanum
í leikfimisalnum voru tjáð hughrifin af lífinu

skolað af sér á eftir í sameiginlegri sturtu
og þótt áherzlan væri lögð á tjáningu og leik
hafa engin börn hvesst algáðari augu á alvöru lífsins

löggan var til að hjálpa köttum onúr tré
hjálpa fólki sem hafði læst sig úti
og bera þunga hluti fyrir gamalt fólk
gamla fólk dó flissandi
og síðustu orð þess voru: þessu gleymi ég aldrei
í leikhúsinu var engin leið að henda reiður á

*hvað var leikari og hvað áhorfandi
því fólkið var barmafullt af tjáningu
aðgangseyrir tókall (handa konunni í fatahenginu)
fangelsin söfnuðu ryki
og fólkið bar ekki frelsið á bakinu
og frelsið var ekki táragas og kylfa
frelsið var óstöðvandi tjáning
ó hve ríkt var það líf
og brjáláðir þess tónar
við þessi form sem elskumst
við skulum elskast
og kveikja af okkur líf
LÍF*

Höfundur hversdagsleikans

Soffía Auður:

Pétur, nú er það næstum því klisja að segja að í fyrstu bók hvers höfundar megi sjá forboða alls sem á eftir kemur og að fyrsta bókin kjarni höfundaverkið. Þetta heyrum við oft. En mér finnst þetta eiga svo vel við í þínu tilviki. Þú hefur sjálfur sagt að einhvern veginn hafi þér ratast á tungu setningin sem *Splunkunýr dagur* byrjar á; „af jarðarinnar hálfu byrja allir dagar fallega“ – þetta sé þinn boðskapur til heimsins?

Pétur:

Já, það má til sanns vegar færa. Ég var einhvern tímann að grínast með það og segja: Bara að ég hefði hætt þarna! Og ef þessar tvær línur væru mitt höfundarverk þá myndi mér að ég gæti vel við unað vegna þess að þetta finnst mér vera inntakið í okkar lífi. Við getum alltaf byrjað upp á nýtt og það byrjar alltaf allt upp á nýtt. Og það er einmitt náttúran, umhverfið, sem bregður þessu svo ljóslega upp fyrir okkur.

Soffía Auður:

Já, gott að þú hættir ekki þarna en sú mynd sem ég fæ af höfundaverki þínu - og nú er ég ekki bara að tala um þessa ljóðabók - það er þessi

forvitni sem rekur þig áfram. Pétur hoppaði yfir ljóð númer þrjú en það hefst svona; „hver dagur er sjö furður veraldar“. Þetta finnst mér svo heillandi við þinn skáldskap, hvernig þú ert að reyna að skoða furður veraldar af því nú hefur líka verið sagt um þinn skáldskap að þú sért höfundur hversdagsleikans. Það er alltaf þessi undrun yfir því hvað hversdagsleikinn býr yfir miklum furðum. Er þetta það sem rekur þig áfram í skrifunum?

Pétur:

Jú, ég hugsa að þetta sé nokkuð rauður þráður í minni viðleitni. Það er náttúrulega algengt þegar höfundar eru að byrja að þá finnst þeim einhvern veginn að allt sé fengið með því að koma sér niður á nógu stórbrotið yrkisefni. Að málið sé að finna nógu krassandi yrkisefni og skrifa um það en mér hefur fundist, eftir því sem fram í sækir, að ég líti mér miklu nær og að yrkisefnin séu allt í kringum okkur. Og af því ég veit að þú ert mjög handgengin Þórbergi þá dettur mér í hug að til dæmis *Vasabækurnar* mínar og þessi aðferð að ná yrkisefnunum umbúðalaust, að það sé ekkert ósvipað því sem Þórbergur var að hugsa. Til dæmis í *Sálminum um blómið* þegar hann er alltaf að segja: Ég er ekki að skrifa skáldsögu en ef ég væri að skrifa skáldsögu þá myndi ég segja þetta svona. Að *Vasabækurnar* séu kannski leið mín til að losna undan þessum miklu umbúðum skáldsögunnar og geta komið að hlutum sem liggja undir fótum okkar.

Kristján:

En var þér mikið niðri fyrir þegar þú varst að yrkja þessi ljóð? Mér finnst síðasta ljóðið, sem þú last, bera þess merki?

Pétur:

Já, satt að segja þá ætlaði ég alltaf að verða prósa höfundur þannig að þessi ljóð helgast eiginlega af því. Ég er náttúrulega af þessari kynslóð sem fór ekki til útlanda fyrr en seint, ég var orðinn 21 árs gamall og þess vegna er ég með tvær myndir hérna af brottför. Þetta var svo mikið mál fyrir okkur, allavega okkur karlmennina af þessari kynslóð. Stelpurnar fóru nú oft 16 ára sem „au-pair“ til Englands eða á einhvern sumarskóla en við karlmennirnir hleyptum ekki heimdraganum fyrr en við vorum búnir með okkar stúdentspróf. Og þessi upplifun, að koma þarna til Parísar 1968 í alla ólguna og kvikuna, sem þar var þá, hafði

hreinlega svona sterk áhrif á mig að mín tjáning leitaði eftir þessu formi, ljóðforminu. Og svona fyrir þá sem hafa kannski lesið bókina, þá er upphafið einmitt mikið undrun og uppgötvun en svo verður tónninn miklu þjóðfélagslegri og harðari eftir því sem fram í sækir og endar á svona herhvöt.

Soffía Auður:

Það er svona herhvöt '68 kynslóðarinnar sem komið hefur fram í þessu manifestói sem þú last. En annað sem mér dettur í hug er hvað þessi bók er gjörólík kveðskap atómskáldanna sem var kannski sú kynslóð ljóðskálda sem kom á undan þér. Þess vegna væri gaman að fá aðeins að vita um viðtökur. Nú er talað um þig og fleiri sem „fyndnu kynslóðina“, sem kom á eftir „atómskáldakynslóðinni“.

Pétur:

Já, ég held að það hafi nú byrjað eitthvað seinna vegna þess að mikill áhrifavaldur minnar kynslóðar og ljóðskáld, sem hafði mikil áhrif á mig, var Dagur Sigurðarson – frekar en atómskáldin. Dagur náttúrliga stóð okkur miklu nær en atómskáldin. Mér er það svo minnisstætt þegar ég sá ljóð eftir Dag, ég held ég hafi bara verið barn að aldri. Það kom inn á heimilið í einhverju tímariti, sennilega *Tímariti Máls og menningar*. Það var ljóð eftir Dag þar sem hann er að ávarpa elskuna sína og hvetja hana til að koma með sér: Við skulum fara í Alþingishúsið og strá kláðadufti yfir þingheim og sá illgresi í garð burgeisanna og ég á flösku af þúrtara. Ég man hvað þetta hafði sterk áhrif á mig, þetta ljóð og þessi tónn. Svo náttúrliga í okkar skólagöngu, þá flæddu þarna ljóðskáld um og ljóð, þannig að ég kann svosem ekki að tíunda það nákvæmlega.

Soffía Auður:

En viðtökur, var bókinni vel tekið? Fékkstu góða dóma?

Pétur:

Ég var náttúrliga bara námsmaður í Frakklandi þegar þetta var þannig að ég fylgdist ekkert með því. Ég man bara þegar við Hrafnhildur vorum að fljúga út um haustið, það var á þeim tíma þegar dagblöðum var dreift í flugvélum...

Kristján:

Það er svona hræðilega langt síðan!

Torfi:

Það muna kannski einhverjir eftir því ennþá!

Pétur:

... og þá var einmitt ritdómur um bókina í blaðinu. Ég las hann þarna í flugvélinni og mig minnir að hann hafi bara verið allt í lagi.

Kristján:

En varstu námsmaður í dulargervi? Þú fórst út og ætlaðir að verða höfundur strax, var það ekki?

Pétur:

Þá verðum við aftur að staðsetja okkur í tímanum. Á þessum árum fékk enginn gjaldeyri nema í gegnum klíku, hann væri í viðskiptum eða námsmaður. Og mér fannst ég þurfa að hleypa heimdraganum til þess að geta orðið rithöfundur. En það var ekkert hægt að fá gjaldeyri út á það þannig að ég varð að skrifa mig í eitthvað nám. Auðvitað vildi ég fara í eitthvað nám sem tengdist ritstörfum og ég var svona soldið að máta mig við sálfræði og félagsfræði og á endanum valdi ég heimspeki. Það varð sem sagt mín mjólkurkýr á þessum árum en náttúrulega líka heilmikið áhugasvið. Það er allt í lagi að láta þess getið hér og nú að þetta ár, 1968, varð hrun, efnahagslegt hrun á Íslandi. Það hrundi síldarstofninn í einu vetfangi og krónan var lækkuð um 33%. Þetta voru sem sagt ár þegar þurfti að fara krókaleiðir til að nálgast gjaldeyri.

Torfi:

Þessi ár sem þú ert þarna úti í dulargervi námsmannsins en þó að drekka í þig það sem þar er að gerast - og það er mjög mikið að gerast '68 til '73 í Frakklandi - þá ertu samt að móta þitt höfundarstarf, þitt höfundarverk og situr mjög iðinn við. Það er mjög skemmtileg frásögn Sigurðar Pálssonar í endurminningum hans um sambýli ykkar á stúdentagarði í París þar sem hann reynir eftir fremsta megni að fá þig út á lífið með sér en þú situr bara sem fastast við skrifin. Það endar með því að, er það ekki Larousse orðabók sem fýkur í höfuðið á

Sigurði? En þar sem þú situr þarna innan um alla þessa ólgu, ertu að vinna að skáldsögu sem fjallar um allt annað?

Pétur:

Já, þarna var maður kominn úr einhverri 14 ára skólagöngu, eða ég man ekki hvað mörg ár, þar sem allt manns líf hafði verið ákvarðað af stundatöflu. Og svo kom maður þarna út til Frakklands, í þetta akademíska frelsi. Þetta frelsi var á svo mörgum sviðum. Við þekkjum til dæmis áfengislöggjöfina íslensku og sérstaklega á þessum árum þegar bjór var bannaður og áfengi gekk bara glæpi næst. Það var hægt að fá áfengi á tveimur, þremur stöðum á landinu en svo kom maður þarna út til Parísar og á stúdentarestaurantinum var serverað vín með matnum! Það var rauðvín, hvítvín og það var bjór og auðvitað var maður hræddur um að verða að auðnuleysingja. En Sigurður hefur greinilega ekki verið hræddur um það! Og fyrir bragðið setti maður sér mjög stíft vinnuprogram, að vakna snemma á morgnana og skrifa fyrir hádegi. Ég hef alltaf reynt að halda einhverju vinnutempói.

Skríðan fer af stað

Kristján:

Þarna ert þú farinn að skrá hvað þú skrifar margar síður á dag?

Pétur:

Nákvæmlega. En auðvitað fór maður í bæinn um eftirmiðdaginn og í bíó á kvöldin og kaffihús.

Kristján:

Nú, jæja. En þarna ertu byrjaður að skrifa *Andrabækurnar* eða er sá karakter jafnvel eldri?

Pétur:

Já, hann er töluvert eldri. Það eru meira að segja glefsur í *Punktinum* sem eru úr skólaritgerðum í gagnfræðaskólanum! Og allan menntaskólann var ég svona að máta mig við að segja einhverja sögu. Þetta var náttúrliga þekkt í bókmenntunum. Hemingway var til dæmis með sömu persónuna í öllum sínum smásögum. Ég var undir mjög

miklum áhrifum af Hemingway og var örugglega að máta þetta líka, að vera með sömu persónuna í mörgum smásögum. Svo smátt og smátt þróast þetta í skáldsöguátt.

Í sambandi við *Punktinn* þá ber aftur að líta til tímans. Þarna er ekkert íslenskt sjónvarp, það byrjar ekki fyrr en 1966. Það er engin kvikmyndagerð, íslensk kvikmyndagerð byrjar ekki fyrr en 1980. Þannig að það er ríkisútvarp, sem er með barnatíma á sunnudögum og með „Lög unga fólksins“ einu sinni í viku, og það eru dagblöð. Unglingar og ungt fólk er algjörlega fjarverandi í þessari heimsmynd. Og okkar reynsla hefur bara hlaðist og hlaðist upp, má segja. Þannig að um þetta leyti fer skriðan af stað. Það er *Gunnar og Kjartan* eftir Véstein Lúðvíksson, sem er með Reykjavík og menntaskólann að sögu sviði, og það er mín bók, *Punkturinn*, og síðan alveg röð af skáldsögum. En þessi efniviður, þessi eldsmatur, hefur hlaðist upp. Hann fær allt í einu útrás á þessum árum.

Kristján:

Hvernig sástu þetta fyrir þér á þessum tíma? Varstu búinn að sjá fyrir þér að þú myndir skrifa bókaflokk á einhverjum tímamarki?

Pétur:

Nei, nei, maður tók bara eina bók í einu. Nafngiftin er náttúrlega þessi barnagæla: Punktur, punktur, komma, strik, þetta er hann Óli prik. Þetta er aðferð til að kenna krökkum að teikna mannsandlit eða frumstæðan mann. Það var í raun og veru mitt markmið að reyna að búa til einhverja mannsmynd. Síðan fannst mér ég þurfa að halda áfram með unglinginn og síðan manndómsárin. Já, þegar menn eru að máta sig í þjóðfélagsgerð. Þannig að þetta rakti sig bók af bók.

Kristján:

Þú seldir *Punktinn* í einhverjum 20 þúsund eintökum þegar allt var talið eða jafnvel meira. Varstu ekki gapandi hissa hvernig það gekk allt saman?

Pétur:

Í hreinskilni sagt, þá eru þetta akkúrat þau viðbrögð sem fyrstubókarhöfundur býst við að fá. Mig minnir að Thor Vilhjálmsson

segi frá því einhvers staðar þegar hann gefur út sína fyrstu bók og fer svo vonglaður niður í bæ og er alveg hissa á að það skuli ekki vera flaggað og að það skuli ekki vera biðraðir við bókaverslanirnar. Þetta er fyrstubókarhöfundi svo mikið hjartans mál. Hann hefur lifað sig svo mikið inn í þetta og hann hefur verið svo lengi að vinna þetta að hann á, satt að segja, ekki von á minni móttökum en þetta!

Kristján:

Þannig að það hafa verið vonbrigði sem á eftir komu!

Pétur:

Síðan komu vonbrigðin bara seinna! En það er alveg rétt að *Punkturinn* var gefinn mjög ört út, aftur og aftur og aftur, þannig að ég fékk tækifæri til þess að breyta en síðan þegar hann var gefinn út núna síðast í klassíkinni hjá Forlaginu, í svona vasabókabroti, þá lét ég nú bara upphaflegu útgáfuna gilda.

Torfi:

Hvað varstu lengi að vinna *Punktinn*?

Pétur:

Ég var nefnilega soldið lengi að vinna *Punktinn*. Eins og ég var að segja þá á hann rætur alveg aftur í menntaskóla. Ég varð stúdent '68 og *Punkturinn* kom út '76 þannig að ég hafði feikilega góðan tíma til þess að vinna hann. Síðan gerðist það í byrjun árs '76 að við rottuðum okkur saman nokkur ungskáld og efndum til upplestrar í Háskólabíói, kölluðum okkur Listaskáldin vondu og það mæltist mjög vel fyrir og var mikið hitt. Í kjölfarið vorum við bara eins og rokkstjörnur. Við fórum í flugvélum hingað og þangað, að Höfn í Hornafirði, til Akureyrar og í rútum á Laugarvatn og lásum upp í öllum skólum. Þannig að ég fékk töluverða þjálfun og æfingu þarna í þessum aðdraganda útgáfunnar, bara með því að lesa þetta upp fyrir „audience“ og ég held að bókin hafi grætt mikið á því.

Kristján:

En þú klárar þetta '86?

Pétur:

Nei, '85 kemur út *Sagan öll*. En ég er náttúrlega miklu lengur búinn að

vera að hugsa um efnið. Já, já, þetta tók langan tíma.

Kristján:

Það er merkilegur lokahnykkur því það dúkkaði þarna upp annar gaur, Guðmundur Andri, í *Sögunni allri*, sem birtist skyndilega. Var hann fyrirmyndin að Andra? Hvaða vitleysisgangur var þetta eiginlega?

Pétur:

Já, það má eiginlega nota þetta orð, „vitleysisgangur“, vegna þess að það var alltaf verið að spyrja mig: Hver er Andri Haraldsson? Og mér fannst það svo skrýtið. Myndi maður spyrja: Hver er Salka Valka eða hver er Tómas Jónsson? Það var eins og fólk gerði ráð fyrir að það væri einhver á bak við þessar sögupersónur. Og ég fór að hugsa – ætti ég ekki bara að taka fólkið á orðinu og búa til fyrirmynd fyrir Andra Haraldsson og kalla hann Guðmund Andra Haraldsson? Þannig að þetta var nú bara leikur með lesandann, *Sagan öll*.

Soffía Auður:

Og það sem er svolítið heillandi við Andra er að hann er alltaf að máta sig við bestu höfundana, við Laxness, við Hemingway. Mig langar aðeins til að heyra um hvernig þú komst að bókmenntunum. Fékstu skrifskýki strax sem barn, eins og títt er um höfunda, eða varstu haldinn lestrarfíkn?

Pétur:

Maður náttúrulega fæddist inn í þetta andrúmsloft, bækur og ljóð og bókmenntir voru alls staðar í umhverfi manns. Þetta var hlutur sem var mjög valoriseraður, það voru allir með þetta á vörunum. Og heima hjá okkur, við vorum áskrifendur að *Tímariti Máls og menningar* og bókum Máls og menningar þannig að þær bækur komu alltaf jafnóðum inn á heimilið. Sömu leiðis var ég í sveit á sumrin og þar voru allir með ljóð á vörum og fólk var að yrkja þannig að þetta var eitthvað sem maður ánetjaðist mjög eðlilega. Svo vorum við með frábæran kennara sem ól okkur upp í ritgerðarsmíð en ég held að mestu áhrifavaldarnir hafi verið bækur sem maður las og gerðu það að verkum að mann langaði til þess að endurtaka sama leikinn, mann langaði til að framkalla svipuð áhrif og bókinn hafði haft á mann. Þannig að þetta getur verið algjörlega frá barnabókum, sem maður las sem barn, og upp úr.

Soffía Auður:

Má ég þá kannski lesa smá kafla á þeim frábæra bókmenntavef, bókmenntir.is? Þetta er sem sagt vefur um rithöfunda og bókmenntir sem Borgarbókasafnið heldur úti og Pétur var beðinn að svara spurningunni: Af hverju skrifaðu? Ég held það væri gaman að fá að heyra aðeins upp úr þessu:

Ég minnst hvítu bókahallarinnar í Þingholtsstræti og orðsendingarinnar dularfullu sem límd var inn á hvert bókarspjald: „Komi upp smitnæmur sjúkdómur á heimili lánþega ber að tilkynna það safninu tafarlaust.“ Hér með tilkynni ég hina smitandi lestrarfíkn: Enid Blyton og Fimm-bækurnar, Örn Klói með sinn íslenska Tarzan, Bláu bækurnar, Ódysseifskviða... Ég man eftir bókastafla við höfðagaflinn, margar af bókunum löngu útrunnar og teknar að safna óheyrlægum sektum.

Þannig að þetta er svona reynsla sem við þekkjum sem ólumst ekki upp við sjónvarp frá blautu barnsbeini.

Pétur:

Akkúrat!

Torfi:

Þú vilt kannski leyfa okkur að heyra úr fyrstu skáldsögu þinni?

Pétur:

Já, ætli ég lesi ekki bara stutt úr *Punktinum*. Byrja kannski bara á byrjuninni og hún er svona:

Skipið hafði ekki fyrr smellt kossi á landið en háseti hoppaði í land, hljóp sem leið lá í bakarí og birtist að vörmu spori með afgangslustúlkuna, þrátt fyrir áköf mótmæli konu um sextugt sem steytti hnefa á eftir þeim um leið og þau skrönsuðu fyrir horn.

Hann naut þess að rifja upp brakið í stiganum, finna konuna róta í töskunni eftir lyklinum. Litaðist um í herberginu og byrjaði að komast í jafnvægi. Úr því aftur þegar hann sá að myndin af honum var horfin af borðinu.

Farið þið aftur til Hamborgar? spurði konan um leið og hún vöðlaði saman rúmfötunum.

Strax og það er búið að gera klárt.

Viltu kaffi eða te?

Maðurinn mátaði þessar tegundir í maganum en var engu nær.

Kakó? bætti konan við.

Já takk, svaraði hann og meinti kaffi en hún byrjaði að laga kakó frammi í eldhúsi. Hann sat eftir í frakkanum og horfði ýmist í gaupnir sér eða skimaði um herbergið, spratt á fætur og laut niður að ljósmynd. Þegar hún kom inn rétti hann úr sér, flautaði í óðagoti lagstúf, strauk gegnum hárlubbann og hnepti að sér frakkanum. Hún horfði á hann rannsakandi, lagði frá sér bakkann og bað hann að gjöra svo vel. Í svip hans var eitthvert ófullnægt lystarleysi. Svo klofaði hann yfir hversdagslega meðalhegðun, dró hana að sér og kyssti en hún tyllti fingrum hægri handar undir hnakkann á honum - allt eins og tíðkaðist í kvikmyndum fyrir Heimstyrjöldina síðari.

Þvert ofan í bíómyndir var það alveg ólitrænt - maðurinn í öðrum sokknum. Myndavél hefði ekki getað gert upp við sig hvort þau voru að renna saman í eitt eða klofna í tvennt. Gluggatjöldin reyndu af alefli að halda ljósinu í skefjum og hljóðbylgjurnar höfðu ekki við. Heitt kakóið rauk tilgangslaut út í loftið.

Úti á götu var komið haust - hægt sleppti lífið taki á laufblöðunum sem eldroðnuðu, skruppu saman og lögðu af stað til jarðarinnar: handstrengjött, fjaðurstrengjött, flipótt og tennt. Fólkið rann eftir farvegum gatnanna grunlaust um það sem var að gerast, blaðastrákarnir hrópuðu ekki: „Maður og kona að elskast um hábjartan dag!“ heldur þessar fréttir sem eru búnar til á skrifstofum út í bæ: „Kona bitur hund!“ Allir virtust hreyfa sig fyrirhafnarlaust í andrúmslofti augnabliksins. Eins og ekkert væri sjálfsgæðara voru karlmennirnir með hatta, sixpensara og brilljantín, konurnar í dröktum með hanska, veski og uppsett hár. Tíminn sem virtist svona ókeypiss og fyrirhafnarlaus, þrjátíu árum síðar var hann orðinn sjaldgæfur og eftirsóttur í kvikmyndir, kostað trilljörðum til að stæla úr honum bíla, föt og hárgreiðslur. Hvernig getur velliturinn í dag orðið kræsingar á morgun? Eftir tíu ár verður þetta augnablik partur af tímabili: fólk tiltekur menn, tímabil og dægurlög til að fá í okkur bakgrunninn. Samt vitum við að það gerðist aldrei neitt, jafnvel þegar allt gerðist var það svo langt frá eða nálægt að það var eins og það hefði aldrei gerst. Eins og tíminn verði ekki raunverulegur fyrr en hann er liðinn - fólk lifni ekki fyrr en það er dautt.

Og svo hér aftar í bókinni, kannski um upphaf skólagöngunnar:

Það voru alltaf ný börn til að leysa af hólmi þessi sem urðu fullorðin, og haustið flutti endalaust með sér nýja árganga handa skólakerfinu. Þau komu labbandi úr öllum áttum, dældið til baka og horfðu felmtruð á steinbáknið. Sum rugluðu saman við spítala og þurfti að draga þau æpandi síðasta spölinn.

Gunnar Hámundarson umsjónarmaður reifst yfir skótauvi og yfirhöfnum. Eftirlitskennarar gengu um og samþykktu eða hristu hausinn en börnin æptu og skræktu í leikjum og slagsmálum. Í miðju kafi hringdi bjallan og stokkaði upp hljóð og hreyfingar. Þetta var splunkuný rafmagnsbjalla sem átti að herma eftir gling-gling-gló, en oftast varð úr því einhverskonar búkhljóð: ropi, jafnvel prump.

Skólastjórinn var svo taugaveiklaður að það var eins og hann væri fullkomlega rólegur. Hann gekk límkenndu göngulagi um gangana, nema þegar bjallan hljóp útundan sér, þá var eins og rýtingi væri stungið í bakið á honum og hann hljóp í Gunnar umsjónarmann:

Hérna Gunnar, þessu verður að kippa í lag, sagði hann ef bjallan hafði ropað.

Ef það var hitt, sagði hann æstur:

Hérna Gunnar, þér eruð barasta eitthvað verri!

Eins og það væri Gunnar Hámundarson sem sæti um að framleiða þessi ósköp! Hann var uppflosnaður bóndi úr Fljótshlíðinni og hafði aldrei komist í jafn krappan dans. Hvernig sem hann skrúfaði bjölluna í sundur og raðaði aftur saman samkvæmt uppdrættinum, það endurtók sig alltaf: hún hringdi eins og engill í hefilbekknum, en um leið og hann var búinn að tengja hana út í porti byrjaði hún að hlaupa útundan sér. Fyrir bragðið gat hann aldrei slappað af, almenningsálitið sat við símann og beið eftir að eitthvað færi úrskeiðis.

Kennarinn hét Axel og var einn af þessum mönnum sem fæðast miðaldra í gráum jakkafötum. Fyrir honum var sjárabekkurinn bara núll sem hann hafði fimm ár til að breyta í níu. Fyrstu árin lagði hann grundvöllinn, lét flytja úr bekknum þá sem voru ólíklegir og til sín þá sem voru líklegir annarsstaðar. Síðasta veturinn hikaði hann ekki við að stefna bekknum niður í skóla á sunnudögum, þá sem var of seint að vinsa úr tók hann í einkatíma. Þegar allt var um garð gengið kvaddi hann þau með hæversku brosi - þótt áfanga væri lokið fyrir þeim, hófst sami rófuleikurinn hjá honum því hinumegin við sumarið beið nýr árgangur:

myndlaus, öskrandi og sjöára.

Byrjunin var erfiðust. Sum börn kunnu ekki faðirvorið. „Guð á heima í útvarpinu“, sagði einhver. „Jesú Kristur? Hann er löngu dáinn“, sagði annar. Fyrst varð að koma á einhverju viðráðanlegu hegðunarmynstri, kenna þeim umferðarreglurnar. Hann afvopnaði dreng með tvær skammbyssur: „Við erum ekki í Villta Vestrinu“, sagði hann, „ekki ennþá“. Stúlka gekk um bekkinn með ostsneiðar sem hún hafði plokkað af brauðinu sínu og vildi selja fyrir kex.

Andri! hrópaði Axel, í þriðja skipti, ekki kók í skólann.

Þetta er spur.

Ekki gos í nesti, segi ég, mjólk, ávaxtasafa.

Doddi: Má hafa ...

Rétta upp höndina fyrst Þórður. Nei, ekki báðar. Segja kennari.

Kennari?

Já Þórður, hvað var það?

Má hafa gossillu?“ Axel horfði út um gluggann. Hvernig er hægt að ráða yfir fólki sem lítur á mann sem jafningja?

Axel: Hvað verður um okkur þegar við deyjum?

Doddi: Við fúnum.

Axel: Er það allt og sumt?

Doddi: Við öndum frá okkur kolsýru.

Axel: Hverslags eiginlega vitleysa er þetta! Lára?

Lára var dóttir biskupsins og kom málinu í höfn: Beinir fúna en sálin fer til Guðs.

Þannig þokuðust þau áfram til æ meiri þroska. Nú kunnu allir faðirvorið og kennarinn sat öruggur fyrir miðju. Börnin skrifuðu niður eftir honum og gættu þess að sessunauturinn kíkti ekki: „Sveinki yrði sér til minnkunar ef hann hlægi í skírnarveislunni“. Veggir skólafundar voru þaktir línuritum þar sem mátti lesa svart á hvítu hvort bekkurinn væri á upp- eða niðurleið. Bláa línun táknaði þá sem höfðu ekki gert neina villu í síðasta verkefni: þau horfðu gráðug á hana lengjast og þegar hún slitnaði andvarpaði bekkurinn en Axel lét augun hvíla augnablik á sökudólgnum. Til hliðar við töfluna var kort af heiminum. Í landafræðitímum kallaði Axel upp á töflu, afhenti kennaraprikið og lét benda eftir pöntun á hina ýmsu heimspunkta. „Sá sem kann landafræði ferðast ókeypis“, var slagorð hans. Páfinn var í Róm, úr í Genf, berjablár himinn í Napolí og börn sem gamalmenni að leik í sandinum. Ísland

var eins og útlött mús. Ef til vill hangir samskonar kort í skólstofu í borginni Djígúdjakí í Sovétríkjunum og kennarinn er nógu djöfulegur til að panta Ísland. Barnið leitar í Asíu, Afríku, Ameríku og finnur það loks uppundir heimskautsbaug, ofan við allar heimsálfur. Skyldi börnin í Djígúdjakí renna í grun mál- funda- og ferðafrelsið á Íslandi?

Þetta var hnötturinn sem allt snýst um. Síðan snýst hann í kringum sólina, eða var það öfugt? Og tunglið, snýst það líka? Það sést ekki dögum saman, birtist svo þegar maður er búinn að gleyma því, blindfullt auðvitað. Sem betur fer áttu þau ekki að hafa stjórnurnar til prófs. Úr því jörðin ku líka vera stjarna getur maður ímyndað sér hverslags pensúm það er að læra allar stjórnurnar, löndin sem þær skiptast í, borgirnar, fjöllin og höfuðárnar.

Í löngufrímínútum gerði Binni eftirfarandi tilraun:

Jói klifrar upp í ljósastaur og hangir í þverslánni. Hann kemur hvergi við jörð. Ef nú jörðin snýst, ættu þá ekki þeir sem standa neðan við staurinn að hreyfast burt en Jói að hanga kjur?

Jói horfði niðurfyrir sig og sá að þeir voru þungt hugsi í nokkrar sekúndur, honum var kalt á höndunum. Þótt hann væri bestur í leikfimi, hafði hann takmarkaðan áhuga á landafræði.

Snýst hún! æpti hann niður til strákanna.

Þeir litu ekki einu sinni upp, Binni og Kalli voru komnir í hár saman. Kalli hafði bent á að staurinn væri fastur við jörðina. Vandinn var að finna eitthvað sem væri ekki jarðfast en stæði samt kyrrt. Andri stakk upp á köðlunum í leikfimi húsinu. Í fyrstu lá það í augum uppi, svo kom í ljós að þeir voru fastir við loftið. Doddi kom með lausnina: stökkva upp í loft. Ef ég stekk upp héðan, sagði hann og benti niðurfyrir sig, hlýt ég að lenda annarsstaðar þegar ég kem niður: á meðan jörðin snerist var ég ekki á henni.

Í ljós kom að þeir sem álitu að jörðin stæði kjur, lentu nákvæmlega á sama punkti og þeir höfðu stokkið upp frá. Hinir sem hölluðust að jörð sem snýst, lentu ótrúlega langt frá uppstökkspunktinum. Í þann mund sem þeir ætluðu að láta handalögmálið skera úr, ropaði bjallan.

Að hlusta eftir breytingum

Torfi:

Já, þegar þessar fyrstu þrjár bækur eru að koma út, *Punkturinn*, *Ég*

um mig frá mér til mín og *Persónur og leikendur*, þá ertu að flytja heim, koma þér fyrir heima og ert jafnframt að brýna raustina sem þjóðfélagsrýnir. Þú ferð að skrifa í blöðin og láta að þér kveða og kemur oft með mjög gagnrýna og skarpa sýn á samfélagið. Þessar greinar hafa yfirleitt komið út síðar í ritgerðarsöfnunum og nú nýlega með *Péturspostillu*, bara núna í gær. En hvað vakti fyrir þér sem höfundur, með því að láta þig þjóðfélagið varða með þessum hætti?

Pétur:

Já, maður fúnkerar svo mikið eftir pöntun og á þessum árum var ungur blaðamaður að sprengja upp þessa kaldastríðsmynd sem ríkti á Íslandi, - þetta var Árni Þórarinsson. Hann var blaðamaður á *Vísir* og varð síðan ritstjóri helgarblaðs *Vísis* og byrjaði á því að stíga yfir þessa grensu. Hann fékk mig og Sigurð Pálsson til þess að skrifa fastar greinar í helgarblaðið. Og þannig vildi það til að ég fór að skrifa þessar greinar. Ég var hreinlega beðinn um greinar og af því að *Vísir* var nú íhaldsblað og ég var vinstri maður, fannst mér ég þurfa að vera helmingi róttækari. Hvað sagði Lenín? Til þess að beygja bogna stöng, þarf að beygja hana jafn langt í hina áttina til þess að hún verði bein. Og ég man að þetta þótti skrýtið og það voru menn sem gerðu hreinlega bara athugasemd við þetta. Þetta var nánast eins og sífjaspell, þarna voru vitlausir menn komnir á vitlaust blað.

Kristján:

Og þessu heldurðu áfram, þetta er einhvers konar borgaraleg skylda eða hvað, hvernig líturðu á þetta?

Pétur:

Síðan var það bara minn þjóðfélagsáhugi sem náttúrulega fylgdi þessum tímum mjög mikið, ekki satt? Ég man að sem barn og unglingur hafði ég engan áhuga á pólitík og fundust stjórnsmál vera eitthvað sem miðaldra karlar í þröngum hópi voru að sýsla við. Þetta var svona svipað og Frímúrarareglan eða eitthvað svoleiðis. En síðan tóku við þessir annáluðu '68 viðburðir og þá eiginlega umpólaðist ég. Varð algjör fréttafíkill og það varð til þessi tilfinning að ástandið væri að breytast og að ástandið gæti á hverri stundu breyst og að það væri hægt að breyta. Og þetta varð, held ég, mikill drifkraftur í mínum skriftum, að hlusta eftir breytingum og tala fyrir þeim.

Soffía Auður:

Stóra fyrirmyndin, Laxness, var náttúrlega líka svona greinahöfundur og aktívur þátttakandi.

Pétur:

Jú, og í Frakklandi gaf Jean Paul Sartre reglulega út greinasöfn, sem kölluðust *Situations* eða „Kringumstæður“, sem hann síðan númeraði.

Torfi:

Það er einmitt tilvitnun í Sartre hér sem opnar bókina *Péturspostilla*, um hlutverk höfundarins, að það sé að búa svo um hnúta að enginn geti horft framhjá heiminum og að enginn geti firrt sig ábyrgð á honum.

Pétur:

Já, einmitt og Sartre skrifaði bók sem heitir *Málsvörn fyrir menntamenn*. Það er nú samt eiginlega ekki rétta orðið vegna þess að við eigum ekkert orð á íslensku yfir „intellectuel“. „Menntamaður“ er einhvern veginn statískara. „Intellectuel“ er þessi hreyfanlega stærð sem er að hlusta eftir breytingum og tala fyrir breytingum. Í þessari bók er þessi stórkostlega setning Sartre: Hlutverk intellektúelsins er að skipta sér af hlutum sem honum koma ekki við. Kannski má segja að þetta hafi verið mitt leiðarljós í greinaskrifum. Ég segi nú líka frá því í þessari nýju bók, það er örstutt:

Dögum oftast er höfundurinn beðinn um álit, skoðun, ávarp, hugvekju, ræðu, grein eða erindi. Afstaða undirritaðs hefur jafnan verið á eina lund; að segja já, - trúr því hugboði að hlutverk höfundarins sé að skipta sér af því sem honum kemur ekki við. Berhentur, umboðslaus, oftast en ekki ólaunaður en sannfærður um að leitinn að merkingu sé leiðin til að ljá lífi okkar merkingu.

Og satt að segja tamdi ég mér þetta að segja já og fyrir bragðið þá hef ég verið að tala um hluti sem eru víðsfjarri mínu þekkingarviði. Ég er kannski að tala um torfbæinn í Skagafirði eða örnefni á ráðstefnu í Reykjavík og þá þarf maður náttúrlega bara að búa sig undir það og setja sig inn í efnið.

Torfi:

Við ætlum að biðja þig að enda þennan fyrri hluta á því að lesa

sýnishorn úr þessari bókmenntagrein, sem þú hefur lagt rækt við jafnframt mörgum öðrum, sem eru þessir litlu prósatextar eða textabrot þar sem þú ert að fanga veruleikann. Þeir hafa komið út í þremur ritum; í *Vasabókinni*, *Dýrðinni á ásynd hlutanna* og *Að baki daganna*. Þetta eru allt stuttir textar og þú ætlar að lesa einn eða fleiri núna fyrir hlé.

Pétur:

Ég ætla að bæta aðeins við í sambandi við greinaskrifin að rithöfundar voru mjög lágt skrifaðir sem álitsgjafar á löngum tíma og margir sögðu að það ætti að leita til sérfræðinga frekar en að fá einhver himpigimpi úti í bæ til þess að tjá sig um hlutina. En þetta er ekki alveg rétt vegna þess að rithöfundur, hann nálgast efnið á allt annan hátt en sérfræðingurinn sem nálgast það út frá þekkingu sinni og því sem hann hefur lært. Rithöfundurinn, hann reynir að lifa sig inn í það sem er að gerast. Þannig að ég er nú á því að rithöfundar sjái oft fyrir hluti sem eiga eftir að verða og minni á að 1977 var ég að tala um hrun Sovétríkjanna í greinum í *Vísi*.

En *Vasabókin*, ég kannski les örstutt úr formálanum:

Þessi litla bók er hugsuð sem lofsöngur til augnabliksins. Þessu sem jafnan er slegið á frest eða látið þoka fyrir því sem er í vændum eða skákað í skuggann af því sem hefði átt að vera. Samt er augnablikið það eina sem við eigum með vissu. Og þótt það sé ekki stórt þá rúmar það samt veröldina. Hver veit nema í andráníni búi sjálft frækorn hamingjunnar? Ef við leyfum því að skjóta rötum. Ef við leyfum því að springa út?

Síðan heldur bókinn áfram með samhengislausum punktum:

Þetta er lífið. Þú áttar þig ekki á því rétt á meðan, álitur alltaf að það sé rétt í vændum, handan við hornið, innan seilingar. Fyrir bragðið gefurðu ekki gaum að augnablikinu nema eins og annars hugar samtali á næsta borði. En það er lífið sjálft

Spakmæli eldri konu: „Hjónabönd eiga að byrja í basli og komast í gegnum það á ástinni. Svo þegar ástin tekur að kólna er allt í lagi að hafa rúmt á milli handanna“

Biðröð hjá útisturtunni, kona að skola af sér með brjóstin ber en fyrir tilviljun eru eingöngu karlmenn í röðinni sem virka eins og á klámsýningu. Upphækkaður tréþallur ýtir undir aðfarir konunnar sem snýr framhliðinni að áhorfendum og gefur sér góðan tíma, sýpur hveljur og strýkur sér um kroppinn. Meðan ég bíð eftir að röðin komi að mér finn ég votta fyrir sviðsskrekki og þegar ég stíg upp á pallinn sný ég baki í röðina og er fljótur að ljúka mér af

Á veturna hvað það er lengi að birta upp. Veröldin máluð svo bláum og gráum litum. En það gerir ekkert til ef maður getur orðið birtunni samferða og þarf ekki að nauðga sér á lappir og byrja eitthvert fálmi út í myrkrið. Ef maður mjakast hægt á sænginni inn í mjúka og vatteraða veröld vetrarins - á bak við hús bíður snjóhúsafjölskyldan en á næsta leiti eru jólin. Þessi veröld hve hún gæti verið pottþétt ef

Takk.

HLÉ

Ferskar raddir

Torfi:

Jæja, komið öll sæl aftur eftir þetta góða hlé. Nú þegar hugurinn leitar aftur til miðbiks áttunda áratugar síðustu aldar, þegar fyrstu bækurnar hans Péturs voru að koma út, þá var önnur fersk rödd einnig að kveða sér hljóðs og við viðlíka fögnuð og verk Péturs höfðu vakið. Hér var á ferðinni hópur fólks sem hafði tekist að fanga nýja strauma í dægurtónlistinni og veita þeim inn í íslenskan veruleika á frumlegan og nýjan hátt. Fólk þetta kom fram í hljómsveitum sem hétu Spilverk Þjóðanna og Stuðmenn og fleirum. Einn af frumkröftunum sem þá leystust úr læðingi var laga- og textahöfundurinn, gítarleikarinn og söngvarinn Valgeir Guðjónsson. Og leiðir Péturs og Valgeirs hlutu að liggja saman og Valgeir ætlar nú að segja okkur frá því hvernig það atvikaðist og flytja okkur nokkur lög sem urðu til í samstarfi þeirra.

Valgeir:

Já, í fyrstu bók Péturs segir frá þessu atviki sem mín kynslóð, og sennilega meirihlutans hér inni, man eftir. Það var þegar John Kennedy var myrtur og söguhetjan í *Punktinum* var hjá skólastjóranum. Ég man líka hvar ég var þegar ég hitti Pétur Gunnarsson í fyrsta skipti sem er engu ómerkari atburður út af fyrir sig. Þá var búið að munstra okkur Pétur, sem þá var alveg á barmi heimsfrægðar, og Spilverk þjóðanna sem var ábyggilega á hraðri niðurleið. Við vorum sem sagt fengin til þess að taka þátt í eins konar leiksmiðju í Þjóðleikhúsinu og búa til leikrit sem fékk svo nafnið *Grænjaxlar* og við sýndum víða um land. Þetta er sérstaklega eftirminnilegt fyrir búningana vegna þess að allir leikendurnir voru á síðum nærbuxum. Þetta var ákaflega praktísk sýning. Það var nánast engin leikmynd og öllum þótti mjög gaman sem sáu þessa sýningu. Og það var kannski ekki síst Pétri að þakka sem kom þarna hægur og feimnislegur í framan og var með gamla skólatösku og seldi okkur fyrstu eintökin af *Punkti punkti kommu striki*. Ég las nú bókina og varð mjög hrifinn af henni og sá að Pétur getur einhvern veginn alltaf tengt alheiminn við ómerkilegustu aðstæður hér á jörðinni. Ég kasta þessu hér inn sem svona bókmenntafræðilegum vangaveltum áhugamanns. Síðan gerðist það, eftir þessa grænjaxlarispu, að við vorum fengin nokkur saman til þess að búa til barnaplötu sem var kölluð *Hrekkjusvín* og Pétur gerði textana. Um leið og það var búið að ákveða að Pétur gerði textana var hann rokinn til Frakklands með nokkrar kassettur með sér. Þetta var ótrúlega frumstæð framleiðsluaðferð. Hann fékk sem sagt kassettur í pósti og sendi okkur bréf á móti með textum. Þetta þykir forneskja í dag en þetta virkaði alveg prýðilega því að þetta þykir sautjándi besta hljómplata tuttugustu aldarinnar. Mælikvarðinn er reyndar ekkert víðari en þessi plata sem heitir *Hrekkjusvín*. En síðan er nú gaman að segja frá því að þegar *Punkturinn* var kvikmyndaður þá var ég kominn í nám í Noregi og var í sumarfríi hérna heima og hitti Þorstein Jónsson leikstjóra niðri í Austurstræti og hann spurði hvort ég væri ekki til í að gera músíkina fyrir *Punktinn*. Ég hélt það nú og gerði það. Þannig að við Pétur erum eiginlega eins og einhverjir júdomenn í miðri glímu, – við erum í stöðugum faðmlögum þótt það sé langt á milli þeirra. En ég ætla að spila fyrir ykkur, rétt svona í gamni, nokkur lög af *Hrekkjusvínunum* þar sem textaskáldið Pétur kemur fram. Ég ætla ekki að gera þetta með neinum látum, mér finnst stemmningin vera svona frekar sottó hérna:

*Hvað ætlar þú að verða væni, voða ertu orðinn stór?
Allir spyrja einum rómi, eilíft hljómar þessi kór.
Almáttugur en sú mæða, ég get ekki svarað því.
Ferðalangur, fuglahræða, flibbanaut í sumarfrí.*

*Ert'ekki með öllum mjalla?, æpir Lóa frænka.
Læknir eða listaskáld með yfirgreiddan skalla,
stærðfræðingur, stórkaupmaður, margt er hægt að bralla.
Við bisnessmanni brosir framtíð björt á Íslandi.*

*Á skrifstofu hann pabbi vinnur, skömmin er svo líkur mér.
Í eftirvinnu og næturvinnu er hann bara í huga mér (sextán tímar)
Í Blóðbankanum vinnur mamma, á kvöldin er hún oft svo þreytt.
Þegar ég er orðinn stór þá ætl'ég ekki að gera neitt.*

*Ert'ekki með öllum mjalla?, æpir Lóa frænka.
Læknir eða listaskáld með yfirgreiddan skalla,
stærðfræðingur, stórkaupmaður, margt er hægt að bralla.
Við bisnessmanni brosir framtíð björt á Íslandi.*

Ég ætla þá að enda á einu lagi sem hefur lifað af þessi 33 ár eða hvað þetta er síðan *Hrekkjusvínin* komu út. Það er nú kannski gaman að segja frá því að það er búið að flækja okkur Péttri í að búa til leikrit um þetta, lítinn söngleik [einn hlustandi klappar]. Já, það eru svona undirtektir sem við viljum! En bara til að setja *Hrekkjusvínin* í einhvers konar félagslegt samhengi þá var þetta barnaplata sem var gerð fyrir foreldra barna sem áttu foreldra sem voru kommúnistar! Það var nú ekki flóknara. Og hérna einmitt kemur kommúnisminn aðeins fyrir í þessu síðasta lagi sem ég ætla að spila. Honum er smyglað inn mjög léttilega:

*Hvað er um að vera, hvað gengur hér á?
Hvers vegna er ljós í stofunni?
Hvaða lykt er þetta, hver öskrar eins og ljón?
Danslög af plötum leikin á grammófón.*

*Við opnum varlega dyrnar og læðumst fram á gang.
Lítum inn í stofuna og sjá;*

*pabbi er upp á borði og æpir: Ykkar skál félagar!
Í augum mömmu brennur skrýtið bál.*

*Pað eru gestir út um allt
að drekka eitthvað annað en malt.
Gömul kona inni kútaskáp.*

Pað hefur nú verið soldið spurt um þessa gömlu konu og það kemur ekkert fram í textanum en hún var nýbúin að fá ellistrykinn útborgaðan og búin að kaupa sér eina ákavíti. Þið vitið að kommúnistar voru alltaf að snikja áfengi hver af öðrum þannig að hún fór bara í krafti séreignarstefnunnar og læsti sig inni í kútaskáp. Síðan gerðist það á ögurstundu, þegar konan vildi komast út, þá var hún búin að kviklæsa skápnnum. Pað var úr vöndu að ráða og endaði með því að það þurfti að hringja í slökkviliðið og eldhúsinnréttingin, sem var ennþá algjörlega á bullandi víxlum, var söguð í sundur af mönnum á tækjabíl slökkviliðsins og gamla konan kom út og hélt dauðahaldi í tóma ákavítisflöskuna.

*Karl með ístru hneggjar, á fjóra fætur fer.
Kona opnar gin og skellihlær.
Karíus og Baktus flöggra um stofuna,
fuglabúrið mátar flugfreyja.*

*Pað eru gestir út um allt
að drekka eitthvað annað en malt.
Gömul kona inni kútaskáp.*

Og ég þakka kærlega fyrir mig!

Torfi:

Við þökkum Valgeiri kærlega fyrir. Þetta hefur verið skemmtileg samvinna?

Pétur:

Já, það verður erfitt að fara að ræða alvarleg mál eftir þetta! En þetta var eins og Valli lýsti – það var Leifur Hauksson líka en hann var í annarri mjög vinsælli hljómsveit, Þokkabót. Þetta voru tvær mjög vinsælar hljómsveitir, Spilverkið og Þokkabót. Og þeir kraftar komu

síðan saman í vinnslu plötunnar og ég var náttúrulega fjarri góðu gamni, - ég var í Frakklandi - og ég held að ég hafi sent síðasta textann í símskeyti. Þannig voru nú samskiptin þá. En þetta var sumarið sem Presley dó, til að staðsetja þetta í tímanum, sumarið '77.

Kristján:

Hvernig var þetta þá? Það eru gestir út um allt – stopp – að drekka eitthvað annað en malt – stopp?

Pétur:

Já, og síðan var nú ennþá verra af því ég gat náttúrulega ekkert kontrólerað þetta og þetta var á þeim tímum þegar það var svo mikil réttlínustefna í hugsun að þeir náttúrulega breyttu textunum á stöku stað. Til dæmis í afasöngnum kom fram á einum stað að hann hefði verið tekinn ber þessi afi og í textanum var hann skósmiður af minni hálfu. En þeim fannst ekki hægt að níðast svona á alþýðunni og breyttu honum í flugmann! Síðan skil ég ekkert í honum Valla. Hann breytti svo á öðrum stað í „Álfadrottningunni“ - frá minni hálfu var það „síðan sit ég sálarlaus í bíó“ en hann breytti því í „strætó“. Hann var að reka áróður fyrir almenningsamgöngur! Svona voru þessir tímar!

Að hæla niður verðmætin

Torfi:

En við skulum nú koma aftur að skáldsögum þínum og öðrum tímum. Við töluðum um *Söguna alla* núna fyrir hlé og *Sagan öll* markaði ákveðin þáttaskil á ferli þínum. Sagan af Andra var öll og þú kynntir til sögunnar persónuna Guðmund Andra. Þú lékst þér að því að gera hann að fyrirmynd Andra. En það kom ekki bara ný persóna, heldur kom nýr heimur inn í skáldheim þinn með Guðmundi Andra, sem var ekki heimur æsku þinnar og uppvaxtarára, heldur sá veruleiki sem við bjuggum öll í þegar þú varst að semja þessa sögu. Þetta er veruleiki hversdagsleikans, veruleiki stórfjölskyldunnar, veruleiki barnauppeldisins. Það má segja að með *Sögunni allri* hafir þú verið að leggja grunninn að þeim heimi sem þú varst að vinna úr í næstu tveimur sögum, *Hversdagshöllinni* og *Efstu dögum*.

Pétur:

Já, ég held að þessar sögur sem komu þarna á eftir, svo sem *Sagan öll*, *Hversdagshöllin* og *Efstu dagar* og reyndar líka *Heimkoma* að þar hafi ég verið að reyna að færa mig nær þessu fræðasviði. Mig minnir að Guðmundur Andri hafi verið sagnfræðingur í *Sögunni allri* og í næstu bókum var mjög verið að leita í þessa sagnfræðilegu átt. Og satt að segja fannst mér á tíma skáldsagan vera mjög stöðnuð, í svona ákveðnum umbúðum, svipað og Þórbergur var alltaf að tala um: Ef ég væri að skrifa skáldsögu þá myndi ég segja þetta svona: ...sagði hún um leið og hún drakk úr glasinu. Eða eitthvað svoleiðis. Og mér fannst skáldsagan á þessum tíma vera svo hugmyndasnaud. Á þessum árum í Frakklandi voru það fræðin sem blómstruðu. Það var Michel Foucault og það var Jacques Lacan og Louis Althusser, það var Claude Lévi-Strauss og þessir. Þau voru eiginlega stjórnurnar á fræðasviðinu. Mig langaði til þess að krækja í eitthvað af þessu, að reyna að veita þessu inn í skáldsögurnar. Þá kom svona höfundur eins og til dæmis Milan Kundera, sem hafði mikil áhrif á mig og hans aðferð, hvernig hann fléttaði skemmtilega saman skáldskap og fræðum. Og fleiri höfundar á þessum tíma sigldu út úr þessu hefðbundna skáldsögumunstri og inn á þessar fræðalendur. Ég held að ég hafi verið að stefna í þessa átt í þessum skáldsögum og í *Skáldsögu Íslands*.

Torfi:

Maður finnur það einmitt í *Efstu dögum* og *Hversdagshöllinni*, þar ertu líka að hugsa um íslensku fornbókmenntirnar. Er það ekki í *Efstu dögum* sem þú nefnir Sturlu Þórðarson og þar sem sögumaðurinn líkir sér við hann?

Pétur:

Jú, ég verð nú samt að segja að það er með skáldskapinn svipað og draumana. Oft virkar það tilgerðarlega þegar höfundar muna ekki eftir hlutum úr eigin verkum en að verulegum hluta er skáldskapur búinn til úr dulvitundinni. Nákvæmlega eins og við gleymum draumum fljótt, þá hreinlega gleymir maður verkum sínum mjög fljótt eftir að maður hefur lokið við þau. Þannig að ég man þetta nú ekki nákvæmlega. En í *Efstu dögum* er sagnfræðingur og þar er verið að reyna að sigla inn á þessi mið þar sem maður getur bæði verið að segja sögu og skemmta sér með tungumálið en líka að miðla einhverju öðru efni.

Kristján:

En er þetta þá hluti af því sem þú hefur kannski þælt í á öðrum stöðum? Sagðir þú ekki að það væri meginhlutverk höfundarins að veita gleyskunnni viðnám? Þess vegna ertu kannski að þvælast með þessa sagnfræðinga alltaf sem eiga að passa upp á að við týnum ekki fortíðinni?

Pétur:

Já, þetta finnst mér nú bara vera eitt meginviðfangsefni rithöfunda í dag, það er að hamla gegn gleyskunnni. Hvað sem menn vilja nú lofa þessa samskiptabyltingu okkar tíma, þá er þessi holskeflumiðlun efnis og þessi tvístringur miðlunar þar sem allir eru á Facebook eða hvað sem það er, að það vantar svo samantektina. Svipað og í miklu fannfergi, þá týnast kennileitin. Þá finnst mér að höfundar séu meðvitaðir um að það þurfi virkilega að halda hlutum til haga.

Soffía Auður:

„Að hæla niður verðmætin“ kallarðu þetta á einum stað!

Pétur:

Já, akkúrat.

Torfi:

En það er ákveðin sýn þín sem birtist á samtímann og hvernig Ísland er orðið og þetta finnst mér sérstaklega skýrt í síðustu skáldsögunni þinni, *Heimkomu*, sem kom út 1997. Þar er sá heimur sem þú ert að lýsa, hann er soldið nóturlegur og samt kannast maður við hann sem heim okkar í dag.

Pétur:

Já, stundum hefur verið sagt við mig: Voðalega er nóturlegur tónn í þessu eða hinu verkinu. En gæti það ekki bara verið þetta næmi rithöfundarins fyrir því sem er í aðsigi, svona svipað og dýrin skynja snjófljóð áður en það fellur eða jarðskjálfta áður en hann brestur á? Að höfundurinn skynji atburðarás sem er í vændum?

Torfi:

En svo koma aldamótin og þá kemur nýr kafli í höfundaverki þínu sem

er *Skáldsaga Íslands* og þú vilt kannski lesa fyrir okkur upphafið að því verki. Þetta eru þrjár sögur sem saman mynda verk sem heitir *Skáldsaga Íslands*. Fyrsta verkið, sem kom út árið 2000, heitir *Myndin af heiminum*.

Pétur:

Já, ég held að ég hafi haft að einkunnarorðum sem ég tók frá William Faulkner í næstu bók á eftir, *Leiðinni til Rómar*: Hið liðna er ekki dautt; það er ekki einu sinni liðið. Þetta er náttúrlega þema sem kemur líka mjög mikið fyrir hjá Þórbergi og er líka reyndar mjög samferða alheimsfræðum í dag eða kosmólógíunni eða stjarnæðlisfræðinni. Heimsmynd nútímans gefur soldið færi á þessu að það sem einu sinni gerist, heldur áfram að vera. Einstein segir þetta á einum stað, Þórbergur segir þetta á öðrum stað. Faulkner segir: „The past is not dead. It's not even past.“ Í þessari nútíma kosmólógíu þá er soldið verið að horfa á hlutina frá þessu sjónarmiði að ljósið ferðast á ákveðnum hraða þannig að stjörnurnar sem við sjáum, eru stjörnur eins og þær voru fyrir kannski milljón árum eða tugþúsundum ára eða jafnvel stjarna sem er slokknuð. En þau boð hafa ekki ennþá borist okkur. Ljósið heldur áfram að berast okkur eins og þær séu til. Og síðan er hægt að stilla því upp: Ef við værum stödd annars staðar í geimnum og værum að horfa til jarðarinnar þá værum við kannski að sjá jörðina eins og hún var þúsund árum fyrir Krist eða á dögum landnámsins. Þannig að þessi tilfinning verður til að allt sem einu sinni var, haldi áfram að vera. Þetta er eiginlega svona rauði þráðurinn í þessu verkefni mínu, *Skáldsögu Íslands*. Það náttúrlega hjálpar til að íslenskan býður upp á lengsta samhengi sem til er í Evrópu. Það er ekkert tungumál sem á svona óslitið samhengi eins og íslenskan. Þetta kemur víða fram. Þetta kemur líka fram í landinu. Þegar við erum stödd úti í sveit, getum talið okkur trú um að þetta sé umhverfið og að þetta séu fjöllin sem forfeður okkur höfðu fyrir augunum. Þannig að samhengið er líka þarna í skynjun landsins. Það er í tungumálinu og líka í umhverfisskynjuninni, þetta langa samhengi hérna á Íslandi sem mér finnst eiginlega kalla á þessar stellingar.

En ég ætla að lesa hér örstutt upphafið á *Myndinni af heiminum*. Ég hef alltaf verið fasineraður af byrjunum, hvernig hlutirnir urðu til, upphafinu. *Flötur hafsins splundrast, loftið fyllist af eimyrju, eyja rís úr djúpinu.*

Ekki ráðsett land eins og þessi sem standa í skólastofum eða upprúlluð í áhaldaherbergjum og halda áfram óbreytt árgang eftir árgang. Það hefði æt óstöðugan að kortleggja það: heilu fjöllin hófust og hnigu, jarðskorpan hrækti hraunkviku og spýtti gufu dögum og vikum og árum saman - sem samt voru bara eitt og sama augnablikið af því að það voru engin vitni, ekki einusinni atviksorðið „svo“ til að tákna breytingu yfir í ísöld sem kom þrátt fyrir það og lagðist yfir veröldina.

Þá kom rigning í þúsund ár, jöklar bráðnuðu og eyjan átti fullt í fangi með að halda sér á floti, fræ bárust með vindum og hreiðruðu um sig á klöppum og grænt teppi skreið yfir dali og fjöll. Vindurinn sáði og plantaði skógum sem rugguðu sér í lendunum og fuglar settust í lim trjánna milli þess sem þeir kekkjuðu loftið á fluginu.

Einhver hefði sjálfsagt freistast til að segja „harla gott“ hér, en það var engu líkara en höfundurinn væri aldrei ánægður, aftur tók að kólna, skógarnir breyttust í mýrar, firðirnir fylltust af ís, jöklar skriðu niður í dali og allt var autt og dautt nema vindurinn sem ýldi í hrönglinu.

Þúsund og aftur þúsund ár sem vissu ekki hvort þau voru að koma eða fara, úrhellið tók á nýjan leik að skúra og skrúbba og vindarnir að sá og gróðurinn að dúk- og teppaleggja. Birki og mýrar skiptust á að vera í sókn, ýmist höfðu fjöllin ekki við að strjúka framan úr sér hríslurnar eða mýrarnar gleyptu heilu héruðin, sem náðu sér aftur á strik í myrkviði svo þéttu að leiðin frá Hornafirði til Reykjavíkur var ófær vegna skóga.

Þetta var land og samt hét það ekki neitt, líkt og tjaldurinn hét ekki tjaldur heldur tjú-tjú og veiðibjallan hét ekki veiðibjalla heldur vaa-vaa. Þingvellir voru þarna án þess að vita af því, líka Lónsöræfi og Vatnajökull - leiktjöldin voru komin upp og biðu orðlaus eftir leikritinu.

Að opna fyrir það stóra

Soffía Auður:

Já, mig langar að segja að þið sem eigið eftir að lesa *Skáldsögu Íslands*, þessar þrjár bækur sem eru komnar, þið eigið mikla skemmtun í vændum. Í þessum bókum skoðar Pétur sögu Íslands með sínum hætti og ekki bara Íslands heldur fer hann um veröld víða. Hann skoðar Íslandssöguna, mannkynssöguna, mannlífið, bókmenntirnar og með þessum frásagnarhætti sem hann er þekktur fyrir, þar sem könnun

hans miðlar þekkingarþrá og undrun yfir undrum mannlífsins. Þegar ég var að lesa þetta þá spurði ég mig: Er þessi bálkur kannski fyrsta ljóðabókin, *Splunkunýr dagur*, í endurunnu prósaformi? Mér fannst öll þemun vera þarna til staðar eins og ég var að segja þegar við vorum að tala um ljóðabækurnar. Við heyrðum Pétur lýsa sköpun Íslands. Hann lýsir svo sköpun heimsins og tilurð mannlífsins, náttúruhamförum, fólksflutningum, landnámi Íslands og bókmenntum og í lokin fjallar hann um ritun Njálu og þetta er bara fyrsta bókin. Í *Leiðinni til Rómar* er sögusviðið Evrópa á 12. öld. Öll Evrópa er á faraldsfæti til Rómar og menn eru að leita sáluhjálpar sinnar. Og hann fjallar um hvernig kristnin vex á Íslandi og hvernig menn leggjast í krossferðir á meginlandinu. Og í þriðju bókinni, *Vélar tímans*, þar erum við komin á 15. öld og þar er aðalpersónan munkur sem heitir Natan Fróðason og sagt er frá ferðum hans á tímum svartadauða á Íslandi.

Ég hef þennan inngang svona aðeins til að kynna bækurnar en Pétur, með því að setja orðið „skáld“ fyrir framan „saga Íslands“, – *Skáldsaga Íslands*, þá tekst þér að búa til nýja bókmenntagrein.

Pétur:

Já, það var náttúrulega til þess að losna undan þessari kvöð að segja satt og rétt frá og til þess að fría sig frá gæsalöppunum og neðanmálgreinunum og því öllu. Sem sagt að reyna að búa sér til frelsi til þess að segja þessa sögu svona eftir sínu höfði. Þannig að það væri ekki hægt að hanka mann á vitleysunum.

Soffía Auður:

En þessi bálkur sýnir mjög mikla löngun til þess að ná utan um allan heiminn og spegla sögu Íslands í sögu alheimsins.

Pétur:

Já, það held ég að sé mér eðlislægt. Þarna kannski vegast á svolitlar andstæður í mínum aðferðum. Annars vegar þessi nærsýni, að horfa á hversdagsleikann eða eftirsókn eftir hversdagsleikanum og að horfa á það sem er næst manni en líka löngun til þess að opna fyrir þetta stóra, fyrir alheiminn og allar stóru spurningarnar. Að reyna að hafa það saman.

Soffía Auður:

Nú hlýtur að vera mikil fræðileg vinna á bak við þessar bækur eða hvað?

Pétur:

Já, satt að segja hef ég lengi lesið miklu meira af efni fræðilegs eðlis heldur en skáldskap. Það verður að játast.

Torfi:

En það er samt sem áður skáldsögu-element þarna. Það er persónan Máni, þú fléttar sögu hans inn í söguna af landinu. Hann kemur svo aftur fyrir í annarri bókinni og ég man ekki hvort hann kemur fyrir aftur í þeirri þriðju. Maður er soldið spenntur að vita hvað verður um Mána.

Pétur:

Já, það var bara löngun til þess að fjalla líka um upphaf einstaklingsins og að hafa einstaklingssöguna inn í. Mér fannst soldið gott að kalla hann Mána því hann er eins og tunglið, hann hverfur langdvölum og kemur bara stundum. Stundum hverfandi, stundum vaxandi, stundum blindfullur.

Torfi:

Spurning hvort úlfurinn sé búinn að gleypa hann?

Pétur:

Já, það verður bara að koma í ljós!

Soffía Auður:

En trú og kynlíf eru mjög áberandi þemu og ekki síst kannski í þriðju bókinni þar sem sagt er frá ástarsambandi Natans og Gró sem vill svo til að eru munkur og nunna.

Pétur:

Já, mér finnst líka, af því ég var nú að tala um samhengi tungumálsins og samhengi umhverfisins hérna á Íslandi, að fortíðin er alltaf með okkur, það er bara mismunandi hvað við erum opin fyrir henni. Var ekki *Hinn guðdómlegi gleðileikur* að koma út núna um daginn? Sem Dante skrifaði á þrettánda öld, – þá var allt í einu þrettánda öldin komin til

okkar. Og þegar ég var að skrifa þessa bók þar sem krossferðirnar koma fyrir, þá voru Bandaríkjamenn einmitt að fara í Íraks-stríðið sem Bush talaði um sem krossferð. Þannig að þá kallaðist það náttúrliga á við krossferðirnar og viðbrögð Araba. Arabar dattu einmitt líka alveg í krossferðartímann. Þetta rifjaði upp fyrir þeim hvernig þeir höfðu verið leiknir á krossferðatímanum þannig að allt í einu hafði þessi fortíð færst inn í okkar fókus.

En með kynlífið, þar erum við akkúrat komin með æð sem er svo samhverf við miðaldir. Miðaldakirkjan, hún var kynferðislega „obsessed“ í útstrokun kynlífsins á meðan við erum „obsessed“ í því að lyfta undir kynlífið. Þannig að miðaldarit, lagarit á miðöldum, eru nánast eins og klámbækur vegna þess að það er verið að útlista í svo miklum smáatriðum hvað megi ekki gera! Og þetta rímar svo flott við nútímann þar sem þetta er aftur á móti það sem við *eigum* að gera, – næstum því.

Torfi:

Þorlákur Helgi skrifaði eina svoleiðis klámbók. Hann var biskup á 12. öld.

Pétur:

Já, já.

Soffía Auður:

En það er freistandi að spyrja hvort von sé á fleiri bindum í *Skáldsögu Íslands* og hvort þetta endi á heimsendi af því að þetta byrjaði á Miklahvelli?

Pétur:

Mér skilst að heimsendir verði eftir 5 milljarða ára þannig að það má lengi vera að. En þessi aðferð hefur, satt að segja, nýst mér líka í Þórbergs-bókunum. Það er svipuð aðferð sem ég beiti þar, sem sagt tilraun til þess að endurskapa ákveðið samhengi. Þetta hefur líka verið aðferð mín í útvarpsþáttum. Ég hef gert þáttaraðir sem fjalla um átjándu öldina og eru mjög samferða þessari aðferð í *Skáldsögu Íslands*. Og síðan er náttúrliga bara opið framhald.

Soffía Auður:

Það var einmitt spurning sem ég ætlaði að koma að þegar við færum að ræða um Þórberg, hvort það mætti ekki líta á bækurnar um hann sem fjórða og fimmta bindið í *Skáldsögu Íslands*?

Pétur:

Jú, ég myndi alveg gangast við því að Þórbergs-bækurnar komi inn í þennan bálk – þá tuttugustu öldina. Ég geri þetta ekkert í krónólógískri röð, mig minnir að það sé hoppað afturábak og áfram í tímanum í öllum bókunum.

Tungumálið nægir mér

Kristján:

En hvað með frásögnina sjálfa, söguþráðinn? Eftir *Söguna alla* ferðu soldið að breyta því, er það ekki? Þú ert með svo margradda sögur og síðan kemurðu með þetta sem illgjarnar tungur myndu segja að væri þráðlaust.

Pétur:

Já, ég hef lengi verið óvinur söguþráðarins og ég er ekki mikill sagnameistari, satt að segja, í þeim skilningi. Ég er ekki svona epískur höfundur. Minn efniviður, mitt hráefni er fyrst og fremst tungumálið þannig að það nægir mér algjörlega, bara tungumálið.

Torfi:

Mig langar, áður en við komum aftur að Þórbergi, af því við ætlum að enda á því sem þú hefur verið að gefa út á allra síðustu árum, þá langar mig einmitt að ræða þetta samband þitt við tungumálið. Því þú ert handhafi stilverðlauna Þórbergs Þórðarsonar og þú ert mikill listamaður íslenskrar tungu og það hefur ekki síst komið fram í þýðingunum þínum. Og bara til að nefna það, þá eru þetta þýðingar, meðal annars á höfuðverkum frönsku bókmenntanna, meðal annars *Frú Bovary* eftir Flaubert. Margur gæti litið á það sem ágætis ævistarf að hafa þýtt hana. Pétur hefur þýtt margt fleira úr frönsku og þar á meðal fyrsta bindið af *Í leit að glötuðum tíma* eftir Marcel Proust. Það var mikil glíma við íslenska tungu, var það ekki, að snúa þeirri

sögu og þeim texta Proust, sem er svo margslunginn með sínar löngu undirskipuðu setningar, yfir á íslensku? Ég man þegar ég frétti að þú ætlaðir að gera þetta þá hugsaði ég: Þetta verður spennandi því ég hefði haldið fyrirfram að það væri ómögulegt að þýða Proust yfir á íslensku.

Pétur:

Já, það er örugglega ómögulegt en maður svona reynir að nálgast það. En þessar þýðingar eru líka pöntuð verk. Rithöfundar fúnkera mikið út frá ytra áreiti, nákvæmlega eins og þegar ég var beðinn að gera þessa texta við lögin hans Valgeirs, að þá kom forleggjari Bjarts að máli við mig og bað mig að þýða *Madame Bovary*. *Madame Bovary* hafði verið þýdd áður, árið 1947 þá kom *Frú Bovary* út. Ég held það hafi verið Skúli Bjarkan sem þýddi hana en hún var mjög stytt. Og Flaubert er höfundur sem elskar að lýsa hlutunum. Hann er mjög nálægt natúralismanum, lýsir hlutunum í miklum smáatriðum. En í þessari *Frú Bovary*, sem birtist á íslensku, höfðu allar þessar lýsingar, sem einkenna Flaubert, verið skornar burt. Ég reikna með að Skúli Bjarkan hafi þýtt þetta úr dönsku eða ensku og að það hafi verið stytt útgáfa. Þannig að þetta var voða mikið bara söguþráðurinn í *Madame Bovary*. Fyrst var ég spurður hvort ég vildi þýða bara það sem vantaði í verkið en mér fannst það alveg ómögulegt. Annað hvort yrði ég að þýða það allt eða ekkert, þannig að ég þýddi það allt. Flaubert er náttúrlega þessi flotti stílisti þannig að glíman við *Madame Bovary* var að reyna að skrifa soldið flott, svona flottan stíl. En síðan kemur Snæbjörn að máli við mig og vill fara að hækka rána og spyr hvort ég sé til í að þýða Proust. Og ég segi alveg eins og þú, það hafði aldrei hvarflað að mér vegna þess að setningaskipanin er svo gjörólík íslenskunni. Á íslensku erum við með þessar stuttu aðalsetningar, hliðskipaðar setningar en Frakkar geta endalaust þrjónað við. Ég kann nú ekki að lýsa þessu á málfræðimáli en þeir eru með þessa endalausni undirskipun. Við erum með þessa hliðskipun setninganna en þeir eru með endalausni undirskipun og Proust sprengir algjörlega kvarðann og meira að segja Frökkum finnst hann gera fullmikið af undirskipuninni. Þannig að það var úr vöndu að ráða. En mig langaði til þess að láta á þetta reyna og ég þýddi sem sagt fyrstu bókina. Þetta er náttúrlega mikill flokkur sem er gefinn út í 14 bindum. Ég þýddi fyrstu söguna sem eru tvö bindi. En ég hef ekki fengið aðra pöntun!

Torfi:

Ég vona eins og margir aðrir að þú haldir áfram við þetta, að þú finnr tíma til þess vegna þess að þér tókst sannarlega mjög vel upp með þessa þýðingu. Það er unun að lesa þennan texta Péturs á Proust.

Pétur:

Takk!

Skáld mætir skáldi

Torfi:

En nú er komið að Þórbergi Þórðarsyni.

Soffía Auður:

Já, það er svona farið að hilla undir áhuga þinn á Þórbergi í *Skáldsögu Íslands*. Ég sé mjög margar vísanir í hans verk þar. En segðu okkur frá hvernig samband ykkar Þórbergs hófst.

Pétur:

Það er nefnilega svo gaman að segja frá því að það hófst hér í Gerðubergi. Og það kom til af því að þegar fara átti að halda upp á aldarafmæli Þórbergs 1989 þá hafði bókasafnið í Gerðubergi samband við mig og bað mig að flytja erindi um Þórberg, eftir pöntun! Og ég þekkti Þórberg bara eins og hver annar, hafði náttúrulega lesið *Ofvitann* og *Íslenskan aðal* og *Bréf til Láru*. *Sálmurinn um blómin* var svona húslestrarbók á okkar heimili í kringum '80 og '81. En þarna tók ég mér fyrir hendur að kynna mér hlið á Þórbergi sem ég þekkti mjög lítið sem voru Suðursveitarbækurnar. Það eru sem sagt fjórar bækur sem eru eiginlega svanasöngur Þórbergs. Hann lauk sínu höfundarverki á þessum fjórum bókum þar sem hann tókst á hendur að endurskapa heim bernsku sinnar sem mér fannst bara minna heilmikið á Proust. Þetta er það sem Proust var að gera, hann var að leitast við að endurskapa heim sinnar bernsku, veröld sem var. Þetta heitir *Í leit að glötuðum tíma* og mér fannst ég sjá samlíkingar þarna með Þórbergi og Proust. En þetta byrjaði sem sagt með erindi mínu 1989 hér í Gerðubergi og síðan var það í Félagi áhugamanna um bókmenntir. Við vorum öll þrjú í stjórn þessa félags þetta ár og við ákváðum að

heiðra Þórberg með mikilli ráðstefnu sem var haldin á Hótel Sögu, minnir mig 5. júní 1989. Þar átti ég líka að vera með erindi og þá tók ég fyrir *Sálminn um blómið*. Þegar ég fór að skrúfa *Sálminn um blómið* virkilega í sundur þá fannst mér ég koma auga á þessa dulbúnu ritdeilu Þórbergs við Halldór Laxness. Hann er alltaf að segja: Ég er ekki að skrifa skáldsögu en ef ég væri að skrifa skáldsögu þá myndi ég segja þetta svona. Þá kemur svona skopstæling á stíl Halldórs Laxness. Og þetta gerði það að verkum að ég fór mjög djúpt ofan í Þórbergs-farið og síðan hélt það áfram og ég bara fylgdi því eftir.

Soffía Auður:

En hvernig datt þér í hug að fara að skrifa ævisögu Þórbergs?

Pétur:

Það má náttúrliga geta þess að það var alltaf talað um að það væri ekki hægt að skrifa ævisögu Þórbergs vegna þess að hann væri búinn að gera það svo vel sjálfur í *Bréfi til Láru*, *Aðlinum*, *Suðursveitarbókunum* – öllu sem Þórbergur skrifaði, það var svo ævisögukennt. Og vinur hans einn sagði það beinlínis í grein í *Helgafelli* að það væri bara bilaður maður sem tæki sér það fyrir hendur að fara að skrifa sögu Þórbergs vegna þess að hann myndi gera það svo miklu, miklu verr en hann.

En Þórbergur dó 1974 og svo gerðist það 1983 að þá kom út alveg furðuleg bók sem heitir *Bréf til Sólu* þar sem dóttir Þórbergs, innan gæsalappa, sem fáir vissu að væri til, gaf út ástarbréf Þórbergs og Sólrúnar Jónsdóttur sem opnuðu upplýsingar um ástarsamband við þessa konu sem hafði varað í tíu ár, áratug. Með henni hafði hann sem sagt eignast þessa dóttur. Og þetta var hlutur sem var ekki í sjálfsævisögu Þórbergs þannig að þarna vantaði greinilega eitthvað í. Og um líkt leyti þá voru líka að koma út bækur sem birtu óbirt efni úr dagbókum Þórbergs, *Mitt rómantíska æði* og *Ljóri sálar minnar*, og að öllu þessu samanlögðu þá var kominn þarna nýr Þórbergur, annar Þórbergur, önnur mynd af Þórbergi sem mig langaði bara til að teikna upp og reyna að finna og endurskapa. Þannig var nú það!

Soffía Auður:

Þú sagðir mér nú einu sinni, þegar þú varst búinn að vinna við þetta í

mörg ár og varst að setja punktinn aftan við seinna bindið að þú myndir aldrei leggja út í svona vinnu aftur, – þar sem þurfa að vera gæsalappr og heimildaskrá. En þú eyddir mörgum árum í þessa vinnu?

Pétur:

Já, ég ákvað að leika leikinn og þykjast vera fræðimaður og vera með allt nótukerfið og heimildirnar. Þetta er líka svona sambland, það er líka skálduð frásögn þarna. En allt svona sem hægt er að sannreyna hef ég reynt að hafa rétt og bara vona að ég eigi ekki eftir að rata í þá gryfju aftur vegna þess að það er óhemjuleg vinna.

Soffía Auður:

Já, en auðvitað ber þessi ævisaga þess merki að þarna mætir skáld skáldi. Þetta er kannski ekki venjulegt fræðirit að því leyti og afskaplega skemmtilegt að lesa. Það sem hefur vakið mikla athygli er kannski hvernig þú reynir að ná utan um þessa vinstri mennta-elítu sem var áberandi og stjórnaði meira eða minna menningarlífi landsins á seinni hluta tuttugustu aldarinnar. Það er vísað til seinni bókarinnar að þar er einhvers konar – ég vil ekki nota orðið uppgjör - en úttekt á þessari menntamannaklíku.

Pétur:

Já, fyrra bindið hefur að undirtitli *Proskasaga* og rekur sem sagt byrjun Þórbergs en seinna bindið hefur ekki neinn undirtitel. Ég var satt að segja að hugsa um að hafa það „Harmsaga“ en mér fannst það kannski vera of dramatískt en þetta náttúrulega er mikil „Hópsaga“. Það er verið að fjalla um þessar miklu fylkingar í stjórnámálum og hreyfingum þessa tíma. Þarna kom upp í fangið á mér algjör fjársjóður sem aðrir höfðu líka ausið úr, eins og Halldór Guðmundsson í bókum sínum um Halldór og Þórberg, og það voru dagbækur Þóru Vigfúsdóttur sem var eiginkona Kristins E. Andréssonar. Kristinn var útgefandi Þórbergs, útgáfustjóri Máls og menningar. Þarna fannst mér ég fá það sem vantaði í Þórberg. Þórbergur var mikill dagbókahöfundur, hélt dagbækur alveg frá 1906 til svona 1970, í svona 64 ár. Hann reyndi á hverjum einasta degi að færa til bókar en það var svolítið vélrænt, það var alltaf þessi veðurlýsing og hvað hann var að skrifa og hvað hann var að lesa og hverja hann umgekkst. En það voru engar tilfinningar eða mjög litlar tilfinningar og maður verður meira að geta sér til um þær. Þóra aftur á móti, þar eru

bara tilfinningar. Hún hélt sína dagbók en það er bara ein logandi kvika. Og hún hélt úti þessum salong: Öll þessi skáld og stjórnámálamenn og fræðimenn af öllum tegundum streymdu í gegnum heimili Kristins og Þóru. Og hún lýsir svo mikið þessu fólki og umræðuefnunum og hvað var verið að tala um, hvernig henni leið, frústrasjónum sínum og gleði. Og þetta hjálpaði mér svo mikið sem viðbit við þessar þurru bækur hans Þórbergs og hjálpaði mér einmitt að endurskapa hugarheim sósíalista á tuttugustu öldinni.

Soffía Auður:

Og þú notaðir dagbækur afa þíns líka í fyrra bindinu, ekki satt?

Pétur:

Já, afi minn var annars eðlis. Hann var hafnarverkamaður og hann færði til bókar á hverjum degi hvar hann var að vinna, það er að segja skipin sem hann var að skipa upp úr eða skipa í, þannig að hans vinnubækur eru mjög merkileg heimild. Þar er skráð mjög samviskusamlega hvað hann vann marga tíma og hvað hann fékk í laun þannig að þær eru mikil heimild um kjör verkamanna á þessum árum.

Soffía Auður:

En finnurðu samsvörun á milli Þórbergs sem höfundar og sjálfs þín?

Pétur:

Ja, það væri kannski einum of billegt að fara að hengja sig á þá hraðlest en eins og ég segi þá er Þórbergur líka með þetta að það, sem hefur einu sinni gerst, heldur áfram að gerast. Við erum bara mismunandi næm á þetta og það er hægt að þróa með sér næmi, svipað og með útvarpstæki, að finna bylgjulengd til þess að móttaka allt þetta. Aðferð Þórbergs er mikið dagbókin og að skrá niður og skrá hjá sér. Hann er einmitt alltaf að harma þetta hvað fólk sé kærulaust. Ef fólk hefði nú gert þetta frá upphafi vega hérna á Íslandi, ef goðarnir hefðu haldið dagbók og prestarnir, þá væri upplifun okkar af veruleikanum svo fjölskrúðug.

Torfi:

Jæja, það er nú komið að leiðarlokum hjá okkur. Það er freistandi að spyrja að lokum hvað þú ert að fást við núna, hvers við megum vænta

af þér á næstunni? Kannski við ættum bara að leggja inn pöntun!

Soffía Auður:

Er búið að panta hjá þér bók?

Pétur:

Það var pöntuð hjá mér bók um Reykjavík og það er nú soldið gaman að því vegna þess að það fyrsta sem ég gerði á ritvellingum var einmitt þessi ritgerð um Reykjavík, bæinn minn. En framtíðin er bara algjörlega opin og einhvern tímann sagði ég opinberlega að *Skáldsaga Íslands* ætti að verða jafnmörg bindi og verkið hans Ágústínusar sem er, held ég, 22 bækur.


Torfi:

Og við hlökkum bara til en ég vil, áður en við slítum þessu alveg, nota tækifærið og þakka öllum sem komu að því að skipuleggja þennan eftirmiðdag með okkur. Það er starfsfólkið hér í Gerðubergi, Margrét Baldursdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, og Silja Aðalsteinsdóttir sem tók saman efni í þennan bækling sem þið hafið öll fengið. Ég þakka Kristjáni og Soffíu fyrir gott samstarf en fyrst og fremst, Pétur, þá vil ég þakka þér fyrir að hafa verið hérna með okkur í holdinu og í andanum og í bókum þínum. Þakka þér fyrir.



Ritstjórn / Inga Sigrún Þórarinsdóttir
Umbrot og hönnun / Kristín Þóra Guðbjartsdóttir
Hljóðritun / RÚV
Útgefandi / Menningarmiðstöðin Gerðuberg 2014

Samantekt er í samræmi við það sem fram kom á Ritþinginu
og túlkar sjónarmið þeirra sem þar töluðu.



Menningarmiðstöðin Gerðuberg